



ÁRSSKÝRSLA ÞJÓÐLEIKHÚSSINS 2009



Efnisyfirlit

Almennt	3
Stefnumótun	3
Starfsemi á leiksviðunum	4
Stóra sviðið	4
Kassinn	5
Smíðaverkstæðið	5
Kúlan	6
Sýningar 2009	7
Verðlaun og viðurkenningar	9
Þjóðleikhúsið og samtíminn	9
Innra starf	10
Höfundastarf	10
Samstarf við stofnanir	11
Samstarf við erlenda aðila	11
Leiklistaruppeldi	13
Móttaka hópa	13
Útgáfa fræðsluefnis	13
Leikferðir	13
Rekstrarleg markmið	14
Fjárhagur og afkoma	14
Aðsókn	15
Markaðs- og kynningarstarf, aukning í kortasölu	15
Starfsmannamál	16
Nýtt skipurit	16
Mannauður	16
Málefni starfsmanna	17
Starfsmannastefna	17
Jafnréttisstefna	17
Starfandi listamenn við Þjóðleikhúsið	17
Þjóðleikhússtjóri endurráðinn	18
Öryggismál	18
Verkefni til framtíðar	19
60 ára afmæli Þjóðleikhússins 2010	19
Bókamessan í Frankfurt	19
Lér konungur í leikstjórn Benedicts Andrews	20
Viðauki 1	i
Viðauki 2	vii
Viðauki 3	viii
Viðauki 4	x
Viðauki 5	xi
Viðauki 6	xii

Almennt

Starfsemi Þjóðleikhússins stóð með miklum blóma á árinu 2009.

Markmiðssetning fyrir árið endurspeglaði þá stefnu Þjóðleikhússins að vera jákvætt og uppbyggilegt afl í samfélaginu á þeim umbrotatímum sem þjóðin var að ganga í gegnum. Markiðið var að halda úti öfluggu menningarstarfi, sem gæti orðið til að stuðla að því að efla og styrkja menningarlega sjálfsmynd þjóðarinnar. Jafnframt var leitað leiða til að svara þeirri lækkun ráðstöfunartekna og lægð í efnahagsmálum sem blasti við almenningi, með því að bjóða upp á hagkvæm tilboð og vildarkjör á leikhúsmiðum. Atvinnulausir nutu að auki sérstakrar þjónustu á árinu.

Einnig var lögð sérstök áhersla á leiklistaruppeldi og fræðslustarf fyrir börn og ungmenni á árinu. Jafnframt var að vanda litið til þess hlutverks Þjóðleikhússins að efla innlenda leikritun og nýsköpun, en viðmiði í árangursstjórnunarsamningi hvað varðar hlutfall innlendra verka á verkefnaskrá var fylgt. Ríflega helmingur sviðsettra verka á árinu var íslensk verk, ýmist leikrit eða leikgerðir.

Hvað þjónustu við landsbyggðina varðar, þá var áherslum breytt og samstarfsverkefni við menningamiðstöðvar og sveitarfélög komu í stað leikferða í framhaldsskóla á landsbyggðinni.

Þau markmið sem sneru að innra starfi leikhússins gengu eftir, en áttak var gert í að bæta vinnustaðameningu og efla starfsandann, auk þess sem markvisst var unnið að því að efla jákvæða ímynd stofnunarinnar.

Rekstrarleg markmið gengu einnig eftir hvað hagræðingu og aðhald varðar, en gott jafnvægi var í rekstri stofnunarinnar, þrátt fyrir erfitt efnahagsástand og kreppu. Rekstrarafkoma ársins var innan heimilda og raunar jákvæð, eða skilaði afgangi.

Aðsókn að leikhúsinu var einnig með besta móti og jókst enn, fjórða árið í röð. Áhorfendafjöldi á árinu 2009 var alls 93.141 á samtals 27 mismunandi sýningar á sviðum leikhússins, en heildarsýningafjöldi í húsinu var alls 412.

Jákvæð afkoma Þjóðleikhússins á árinu hlýtur að vera þeim sem bera hag þess fyrir brjósti mikið gleðiefni, en leiða má að því getum að ástandið í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi hausti 2008 hafi á heildina litið orðið til að skerpa á mikilvægi leikhússins og þar með þeim verðmætum sem felast í menningu og listum.

Stefnumótun

Á leikárinu 2008 til 2009 var lögð áhersla á innlenda leikritun, meðal annars með frumflutningi á nýjum verkum á Stóra sviðinu og í Kassanum og nýrri uppfærslu á einni af perlum íslenskra leikbókmennta, Hart í bak á Stóra sviðinu. Smíðaverkstæðið var vettvangur rannsókna, spunavinnu og samstarfsverkefna. Frumsamin tónlist var við flestar sýningar vetrarins auk þess sem frumsköpun af ýmsu tagi var áberandi.

Leikárið 2009 til 2010 var lögð áhersla á að skoða stærra samhengi hlutanna og nálgast samtímann í gegnum lærdóm sögunnar. Tekið var mið af þeim hræringum sem íslenskt samfélag hefur verið að ganga í gegnum, þar sem gefnar stærðir og hlutföll hafa raskast með þeim hætti að enginn veit lengur hver stendur fyrir hvað, hver svikur og hver er svikinn.

Hið sigilda verk Brennuvargarnir, um mikilvægi þess að horfast í augu við raunveruleikann og takast á við hann af siðferðislegri ábyrgð, var sviðsett. Leitað var í sagnabrunn Halldórs Laxness, sem ef til vill hefur manna best varpað ljósi á þann hugarheim og þá hugmyndafræði sem skapar þjóðinni sérstöðu og veðjað á Gerplu og Íslandsklukkuna til sviðsetninga í nýjum leikgerðum. Jafnframt skipuðu ný innlend verk veglegan sess á öllum sviðum.

Starfsemi á leiksviðunum

Stóra sviðið

Í upphafi árs var enn verið að sýna fyrir fullu húsi **Hart í bak** eftir Jökul Jakobsson, sem var frumsýnt í október 2008, og gekk sýningin við miklar vinsældir fram á vormánuði. Verkið hafði verið frumsýnt um viku eftir bankahrun, og skyndilega fékk þetta hálftrar aldar gamla verk um áfall í sögu þjóðar, spurningar um sekt og ábyrgð og baráttu einstaklinga við breyttar aðstæður, nýjan og óvæntan slagkraft og rataði beint að hjarta almennings.

Sérstakt tilboð á gjafakortum á **Kardemommubæinn** fyrir jólin mæltist afar vel fyrir hjá þjóðinni, og hátt í 40 sýningar voru uppseldar fyrirfram, þegar verkið var frumsýnt í febrúarmánuði. Sýningar urðu samtals rétt tæplega eitthundrað á árinu, 60 fyrir sumarleyfi og 40 um haustið. Þess má geta að frá fyrstu sýningu á Kardemommubænum í Þjóðleikhúsinu árið 1961 hafa samtals um tvö hundruð þúsund gestir séð verkið í leikhúsinu í ólíkum uppfærslum.

Sumarljós, leikgerð Hilmars Jónssonar á verðlaunabók Jóns Kalman um lífið í litlu íslensku þorpi var jólasýning Þjóðleikhússins árið 2008 og gekk fram í mars. Þá tók við uppfærsla á **Prettándakvöldi** eftir Shakespeare, en sú sýning var samvinnuverkefni Þjóðleikhússins og Nemendaleikhúss Listaháskóla Íslands, þar sem ólíkar kynslóðir, reyndir leikarar Þjóðleikhússins og útskriftarnemar í leiklist, mættust og miðluðu hvor til annarrar í nýstárlegri uppsetningu þar sem notast var við grímur og commedia dell'arte leiktækni.

Vegna velgengni annarra sýninga og plássleysis var ákveðið að fresta frumsýningu á *Frida... viva la vida* eftir Brynhildi Guðjónsdóttur, sem áætluð hafði verið í lok apríl, fram til haustsins. Í maí var fyrsta færeyska óperan, **Í Óðamansgarði**, sem frumsýnd var í Þórshöfn haustið 2006, sett upp í nýrri sviðsetningu í samvinnu Þjóðleikhússins og Tjóðpallsins í Færeyjum. Sviðsetningin var lokahnykkurinn á samstarfi Þjóðleikhússins og Tjóðpallsins, sem hófst árið 2006 með leikferð Þjóðleikhússins til Færeyja með leikritið *Græna landið* eftir Ólaf Hauk Símonarson. Sviðsetning óperunnar var hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík.

Athyglisverðasta áhugaleiksýningin, **Vínland**, eftir Helga Þórsson í sviðsetningu Freyvangsleikhússins var sýnd í byrjun júní og leikárinu lauk síðan með gestasýningu á nýju dansleikhúsverki eftir Ernu Ómarsdóttur, **Teach us how to outgrow our Madness**.

Fyrsta frumsýning leikársins 2009 - 2010 var **Frida ...viva la vida**, nýtt verk um mexíkósku listakonuna Fridu Kahlo eftir Brynhildi Guðjónsdóttur, sem jafnframt fór með aðalhlutverkið. **Brennuvargarnir** eftir Max Frisch var októberfrumsýning leikhússins, en verkið er eitt af frægustu leikritum 20. aldarinnar, bráðfyndin og óvægin þjóðfélagsádeila um hugleysi og græðgi.

Í október voru gerðar breytingar á fyrirhugaðri dagskrá, með því að sýningum var víxlað. Fyrirhugaðri jólasýningu, *Gerplu*, var seinkað um sex vikur, en frumsýningu á söngleiknum *Oliver!* sem áætluð var um miðjan febrúar, var flýtt til jóla. Þessi víxlun kom til vegna eindreginna óska leikstjóra **Gerplu**, Baltasars Kormáks, en hann taldi vinnslu sýningarinnar óhjákvæmilega þurfa lengri þróunartíma en upphaflega hafði verið áætlað, enda beitti hann aðferð við úrvinnslu efnisins sem kallaði á samvinnu alls leikhópsins um lengri tíma. Nokkuð rót fylgdi þessum breytingum, sem þó gengu áfallalaust þegar á reyndi. Þar kom ekki síst til góð undirbúningsvinna leikstjóra *Olivers!*, Selmu Björnsdóttur, sem var tilbúin til að hefja æfingar þegar eftir því var leitað. Árinu lauk því á Stóra sviðinu með söngleiknum *Oliver!*, ungum og öldnum til mikillar ánægju.

Kassinn

Í Kassanum var frumsýnt í upphafi árs nýlegt ástralskt verk eftir Joanna Murray-Smith, **Heiður**, um ástina og hjónabandið. **Sædýrasafnið**, nýtt verk eftir Marie Darrieussecq sem hún skrifaði sérstaklega fyrir Þjóðleikhúsið var frumsýnt í mars. Sædýrasafnið var samvinnuverkefni milli íslenskra og franskra leikhúslistamanna, undir handleiðslu leikstjórans Arthurs Nauzyciel. Leikarar í sýningunni voru allir íslenskir, en belgískur dansari tók þátt í henni. Auk sýninga hér heima var verkið sýnt í ríkisleikhússinu í Orléans í Frakklandi í maímánuði, þar sem Arthur er leikhússtjóri. **Creature**, nýtt verk eftir leikhúslistamanninn Kristján Ingimarsson, var gestasýning í Kassanum í maímánuði. Einnig ber að geta þess að Þjóðleikhúsið bauð Kassann og alla tækniaðstoð vegna döff leiklistarhátíðarinnar **Drauma** (leikhús fyrir heyrnarlausu og heyrnaskerta) á vormisseri.

Leikritið **Utan gátta**, eftir Sigurð Pálsson, sem frumsýnt var í október 2008, hlaut í leikárslok fjölda tilnefninga og samtals 6 verðlaun á uppskeruhátíð íslenskrar leiklistar, Grimunni. Aldrei fyrr hafði ein og sama sýningin hlotið jafnmörg verðlaun og því þótti ærin ástæða til að taka sýninguna upp aftur haustið 2009 og var verkið sýnt fram yfir miðjan nóvember. **Völva**, einleikur Pálinu Jónsdóttur, byggður á Völuspá var frumsýndur í október. Völva er fyrsta Prologsverkefnið sem frumsýnt er í Þjóðleikhúsinu, en Pálinu hlaut einnig styrk frá leiklistarráði til að þróa hugmyndina og verkið.

Í október var síðan sýning á öðru Prologsverkefni í Kassanum, **Nígeríusvindlinu**, en það verkefni er enn í vinnslu. Í lok desember voru tvær sýningar á dansverkinu **Ókyrrð** í Kassanum, sem áður var sýnt í Leikhúsbatteriinu.

Smíðaverkstæðið

Á Smíðaverkstæðinu var sýndur einleikurinn **Eterinn**, með Þóri Sæmundsyni í upphafi árs. Vekið er margmiðlunarverkefni og unnið í samvinnu við norska leikhúslistamanninn Reinert Mithassel.

Eterinn var síðasta sýning á vegum Þjóðleikhússins á Smíðaverkstæðinu að sinni að minnsta kosti, en í maímánuði fékk áhugaleikfélagið Hugleikur aðstöðu til að sýna þar afmælissýningu sína **Ó þú aftur** sem sviðsett var í tilefni af tuttugu og fimm ára starfsafmæli félagsins. Félagið hefur af og til haft aðstöðu í Leikhúskjallaranum undanfarin ár og staðið þar fyrir reglulegum viðburðum, svo sem stuttum leiksýningum, tónleikum o.s.frv.

Kúlan

Brúðusýning Bernds Ogrodnik um hinn bráðskemmtilega **Einar Áskel** gekk fram yfir áramót. Að auki buðu **Skoppa og Skríttla** upp á sýningu. Boðið var upp á ókeypis **Sögustund** og leikhúskynningu fyrir leikskólabörn í elstu deildum í september. Ný barnasýning efir Áslaugu Jónsdóttur, **Sindri silfurfiskur** var frumsýnd í október. Í byrjun desember var boðið upp á dansleikhús án orða fyrir allra yngstu leikhúsgestina með gestasýningunni **Maríuhænan** eftir Inger Cecilie Bertràn de Lis. **Leitin að jólnum** eftir Þorvald Þorsteinsson var endurfrumsýnd á Leikhúsloftinu á aðventunni, fimmta árið í röð.

Sýningar 2009

Frumskýningar á eigin verkum Þjóðleikhússins:

1. Heiður eftir Joanna Murray-Smith
2. Kardemommubærinn eftir Thorbjörn Egner
3. Frida... viva la vida eftir Brynhildi Guðjónsdóttur
4. Sögustund í Kúlunni eftir Friðrik Friðriksson
5. Brennuvargarnir eftir Max Frisch
6. Sindri silfurfiskur eftir Áslaugu Jónsdóttur
7. Oliver! eftir Lionel Bart
8. Leitinn að jóluunum eftir Þorvald Þorsteinsson og Árna Egilsson (endurfrumsýning)

Frumskýningar á samstarfsverkefnum:

9. Prettándakvöld eða... hvað sem þér viljið eftir William Shakespeare
10. Eterinn eftir Þóri eftir Reinert Mithassel og Þorvald Þorsteinsson
11. Sædýrasafnið eftir Marie Darrieussecq
12. Í Óðamansgarði eftir Sunleif Rasmussen
13. Völva eftir Pálinu Jónsdóttur og Walid Breidi, byggt á Völuspá
14. Nígeríusvindlið eftir leikhópin - Aðalbjörg Þóra Árnadóttir, Brynja Björnsdóttir, Davíð Freyr Þórunnarson, Eva Rún Snorradóttir, Friðgeir Einarsson, Gunnar Karel Másson, Hlynur Páll Pálsson, Karl Ágúst Þorbergsson, Ylfa Ösp Áskelsdóttir

Frumskýningar á verkefnum Þjóðleikhússins alls: 14

Sýningar fyrra ári:

15. Sumarljós eftir Jón Kalman Stefánsson í leikgerð Hilmaris Jónssonar
16. Hart í bak eftir Jökul Jakobsson
17. Klókur ertu, Einar Áskell eftir Bernd Ogródnik, byggt á bókum Gunillu Bergström
18. Skoppa og Skritla í söng-leik eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
19. Utan gátta eftir Sigurð Pálsson

Gestaleikir:

20. Creature eftir Kristján Ingimarsson
21. Ó, þú aftur eftir Ingibjörgu Hjartardóttur, Sigrúnu Óskarsdóttur og Unni Guttormsdóttur
22. Vínland eftir Helga Þórsson
23. Draumar 2009 Alþjóðleg döff leiklistarhátíð
24. Teach us how to outgrow our Madness eftir Ernu Ómarsdóttur
25. Mariuhænan eftir Inger Cecilie Bertràn de Lis
26. Jólásýning Listdanskóla Íslands
27. Ókyrrð eftir leikhópin - Ragnar Ísleifur Bragason, Margrét Bjarnadóttir, Friðgeir Einarsson

Sýningar í Þjóðleikhúsinu alls: 27

Íslensk leikrit sýnd á árinu:

1. Sumarljós eftir Jón Kalman Stefánsson í leikgerð Hilmars Jónssonar
2. Hart í bak eftir Jökul Jakobsson
3. Klókur ertu, Einar Áskell eftir Bernd Ogronnik, byggt á bókum Gunillu Bergström
4. Skoppa og Skríttla í söng-leik eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
5. Utan gátta eftir Sigurð Pálsson
6. Leitinn að jólnum eftir Þorvald Þorsteinsson og Árna Egilsson
7. Eterinn eftir Þóri eftir Reinert Mithassel og Þorvald Þorsteinsson
8. Völva eftir Pálinu Jónsdóttur og Walid Breidi, byggt á Völuspá
9. Creature eftir Kristján Ingimarsson
10. Ó, þú aftur eftir Ingibjörgu Hjartardóttur, Sigrúnu Óskarsdóttur og Unni Guttormsdóttur
11. Vínland eftir Helga Þórsson
12. Teach us how to outgrow our Madness eftir Ernu Ómarsdóttur
13. Frida... viva la vida eftir Brynhildi Guðjónsdóttur
14. Sögustund í Kúlunni eftir Friðrik Friðriksson
15. Sindri silfurfiskur eftir Áslaugu Jónsdóttur
16. Nígeríusvindlið eftir leikhópin - Aðalbjörg Þóra Árnadóttir, Brynja Björnsdóttir, Davíð Freyr Þórunnarson, Eva Rún Snorradóttir, Friðgeir Einarsson, Gunnar Karel Mátsson, Hlynur Páll Pálsson, Karl Ágúst Þorbergsson, Ylfa Ösp Áskelsdóttir
17. Ókyrrð eftir leikhópin - Ragnar Ísleifur Bragason, Margrét Bjarnadóttir, Friðgeir Einarsson

Frumskýningar á verkum eftir nýliða í Þjóðleikhúsinu (gestaleikir ekki meðtaldir):

1. Frida... viva la vida eftir Brynhildi Guðjónsdóttur
2. Sögustund í Kúlunni eftir Friðrik Friðriksson
3. Völva eftir Pálinu Jónsdóttur og Walid Breidi, byggt á Völuspá

Leikverk fyrir börn sýnd á árinu:

1. Kardemommubærinn eftir Thorbjörn Egner
2. Sögustund í Kúlunni eftir Friðrik Friðriksson
3. Sindri silfurfiskur eftir Áslaugu Jónsdóttur
4. Oliver! eftir Lionel Bart
5. Klókur ertu, Einar Áskell eftir Bernd Ogronnik, byggt á bókum Gunillu Bergström
6. Skoppa og Skríttla í söng-leik eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
7. Leitinn að jólnum eftir Þorvald Þorsteinsson og Árna Egilsson
8. Mariuhænan eftir Inger Cecilie Bertràn de Lis

(Sjá nánar um sýningar ársins í viðauka 2)

Verðlaun og viðurkenningar

Ein af sýningum Þjóðleikhússins, **Utan gátta** eftir Sigurð Pálsson, var óskoraður sigurvegari á Grímuverðlaunahátíðinni í júní 2009. Sýningin hlaut sex Grímuverðlaun: Sýning ársins, leikstjórn ársins, leikskáld ársins, leikmynd ársins, búningar ársins og lýsing ársins. Alls hlutu sýningar Þjóðleikhússins 21 tilnefningu til Grímunnar – íslensku leiklistarverðlaunanna.

Leikritið **Gott kvöld** eftir Áslaugu Jónsdóttur, sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu, var tilnefnt til Norrænu leiklistarverðlaunanna af hálfu Íslands.

Leiksýningunni **Sindri silfurfiskur** eftir Áslaugu Jónsdóttur, sem sýnd var í Kúlunni frá hausti 2009, var boðið á Bibu barnaleikhúshátíðina í Lundi í maí 2010.

Þjóðleikhúsið og samtíminn

Þjóðleikhúsið leitaðist við að milda áhrif kreppunnar á væntanlega gesti leikhússins, og þá einkum barnafólk og fjölskyldur þeirra. Óvenju góð vildarkjör voru í boði á gjafakortum á barnasýningu leikársins, **Kardemommubæinn**, og mæltist tilboðið vel fyrir, en uppselt var á sýninguna langt fram í tímann, þegar kom að frumsýningu í febrúar. Einnig var ákveðið að kynna leikskólabörnum töfraheim leikhússins með því að bjóða þeim endurgjaldslaust í heimsókn með kennurum sínum að sjá **Sögustund** í Kúlunni, þar sem börnin fræddust um leikhúsið og leikkona flutti söguna um Búkollu. Undirtektir leikskólanna voru frábærar og alls komu 4.500 börn í Þjóðleikhúsið að sjá Sögustundina.

Í ársbyrjun 2009 gaf leikhúsið út sérstök **Samstöðukort fyrir atvinnulausa**, en gegn framvísun þeirra gátu þeir sem skráðir voru atvinnulausir hjá Vinnuálastofnun fengið tvo frímiða á allar sýningar leikhússins.

Þjóðleikhúsið stóð fyrir tveimur **Ókeypis námskeiðum fyrir atvinnulausa** dagana 12.-13. maí. Leikarar Þjóðleikhússins í samstarfi við fræðsludeild leiddu tvö stutt námskeið, hvort með sinni yfirskriftinni. Annars vegar Leikhúslæsi og hins vegar Leiktu með! Báðum námskeiðum fylgdi boð í leikhús helgina á eftir til að sjá hina vinsælu sýningu Hart í bak. Námskeiðin mæltust vel fyrir og fylltust fljótt, en um 30 þátttakendur komust að á hvort námskeið.

Innra starf

Þjóðleikhúsráð hittist að jafnaði einu sinni í mánuði í leikhúsinu. Í ráðinu sitja, skipaðir af menntamálaráðherra, Ingmundur Sigfússon, formaður, Halldór Guðmundsson, varaformaður og Lísa Kristjánsdóttir, en hún kom í stað Andra Snæs Magnasonar í októbermánuði. Fulltrúi frá félagi leikstjóra er Ásdís Skúladóttir og frá félagi íslenskra leikara er Randver Þorláksson. Áheyrnarfulltrúi starfsmanna er Margrét Sigurðardóttir búningameistari. Auk þeirra sitja að jafnaði Tómas Zoega, rekstarstjóri leikhússins, og Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri fundi ráðsins.

Verkefnavalsnefnd hlaut nýtt heiti haustið 2009, og kallast nú listráð. **Listráð** starfar með þjóðleikhússtjóra að listrænni stefnumótun og verkefnavali. Í listráði hafa setið frá hausti 2009, auk Melkorku Teklu Ólafsdóttur, leiklistarráðunauts Þjóðleikhússins, þau Bjarni Jónsson leikskáld, Kristín Jóhannesdóttir leikstjóri, Ólafur Darri Ólafsson leikari og Stefán Jónsson.

Einnig starfar sérstök **lesnefnd leikara** við húsið, sem les leikrit og er listráði til ráðgjafar.

Í verkefnavalsnefnd leikárið 2008–2009 sátu fjórir leikarar hússins, þau Edda Björg Eyjólfsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Valur Freyr Einarsson og Vígdís Hrefna Pálsdóttir, ásamt þjóðleikhússtjóra og leiklistarráðunaut Þjóðleikhússins.

Þjóðleikhússtjóri hittir **leikarahóp hússins** á sérstökum spjallfundum tvisvar í mánuði. Starfsmannafundir með öllu starfsfólki eru að minnsta kosti fjórir á starfsári.

Markaðsfundir eru haldnir vikulega, leiddir af markaðsstjóra, auk reglulegra **samráðsfunda lista- og markaðsdeildar**. Á **skipulagssviði** eru einnig vikulegir fundir, leiddir af skipulagsstjóra, sem og á **rekstrarsviði**. Þeir fundir eru leiddir af rekstrarstjóra. Skipulagsstjóri/sýningastjórar stjórna reglulegum **framkvæmdafundum** vegna verkefna í vinnslu eða undirbúningi. Haldnir eru einnig reglulegir **endurmatsfundir** eftir hverja frumsýningu, þar sem farið er yfir verkferli og endanlega útkomu hversar sýningar.

Ný **reglugerð** fyrir Þjóðleikhús var unnin að frumkvæði þjóðleikhúsráðs og samþykkt af mennta- og menningarmálaráðuneyti í nóvember.

Höfundastarf

Þjóðleikhúsið átti margháttað samstarf við höfunda á árinu, meðal annars í tengslum við uppsetningu leiksýninga og lestur innan hússins á nýjum leikverkum. Einnig á leikhúsið í nánu samstarfi við þá höfunda sem hlotið hafa styrk úr Leikritunarsjóðnum Prologos.¹

Haldin var vikulöng vinnusmiðja í tengslum við þá hugmynd leikskáldsins Sveinbjörns I. Baldvinssonar að vinna leiksýningu upp úr tónlist hans á plötunni Stjörnur í skónum. Stefán Hallur Stefánsson stýrði vinnusmiðjunni, og unnu nokkrir leikarar með þeim að þróun hugmynda varðandi verkið.

Samstarf við stofnanir

Þjóðleikhúsið átti gott samstarf við **Listaháskóla Íslands** í tengslum við uppsetninguna á Prettándakvöldi eftir Shakespeare á Stóra sviðinu, en þar unnu reynslumiklir leikarar Þjóðleikhússins með útskriftarnemum leiklistardeildar LHÍ og nemendum á tónsmíðasviði. Einnig var efnt til samstarfs vegna útskriftarverkefna nema í Fræði og framkvæmd, en nokkur útskriftarverkefni fengu aðstoðu og tækniaðstoðu til sýninga í Kúlunni.

Þjóðleikhúsið hefur í gegnum árin átt afar gott samstarf við **Endurmenntun HÍ**, og á árinu var

tekinn upp sá þráður. Undirbúin voru tvö námskeið í tengslum við sýningar leikhússins á Gerplu og Íslandsklukkunni eftir Halldór Laxness, en bæði námskeiðin verða haldin á vormisseri 2010. Einnig hafði leikhúsið samstarf við EHÍ vegna námskeiðs um Fridu Kahlo á haustmisseri 2009.

Þjóðleikhúsið hafði samstarf við **Umboðsmann barna** vegna sýningar leikhússins á Oliver!, en starfsmenn skrifstofu Umboðsmanns barna skrifuðu hugvekju í leikskrá sýningarinnar.

Sjónvarpið sýndi upptöku á leiksýningu Þjóðleikhússins Hart í bak eftir Jökul Jakobsson á jólum.

Ljósmyndasafn leikhússins fékk endanlegan samastað á árinu hjá **Ljósmyndasafni Íslands/Þjóðminjasafni**, en safninu var útvistað frá Þjóðskjalasafninu.

Þjóðleikhúsið hafði samstarf við **Listahátíð í Reykjavík** vegna uppfærslu óperunnar Í óðamansgarði eftir Sunleif Rasmussen.

Samstarf við erlenda aðila

Þjóðleikhúsið hafði margháttað samstarf við erlenda aðila vegna sýninga leikhússins. Umfangsmesta samstarfið var í tengslum við Sædýrasafnið og Í óðamansgarði.

Sædýrasafnið eftir frönsku skáldkonuna Marie Darrieussecq var sett upp í samstarfi við Centre Dramatique National Orléans í Frakklandi, en leikhússtjóri þess leikhúss, Arthur Nauzyciel, var jafnframt leikstjóri sýningarinnar. Honum fylgdu til landsins nokkrir erlendir listamenn, Damien Jalet dansari frá Belgíu, Giulio Lichtner leikmyndahöfundur frá Ítalíu og Scott Zielinsky ljóshönnuður frá Bandaríkjunum. Einnig fóru leikarar og tæknifólk frá Íslandi til Frakklands, en haldið var í leikferð með sýninguna til Orléans í maí, þar sem sýndar voru sex sýningar á verkinu fyrir fullu húsi.

Sýningin á Íslandi fékk mikla fjölmiðaathygli í Frakklandi. Hingað komu meðal annars heimildamyndagerðamenn frá frönsk-þýsku sjónvarpsstöðinni Arte og blaðamenn, meðal annars frá Le Monde, sem gerðu sýningunni skil í heimalandi sínu.

Í tengslum við sýninguna kom stór hópur franskra menntaskólanema, sem leggja stund á leiklist í námi sínu, í heimsókn til Íslands, og fylgdust þeir með æfingum á verkinu. Heimsókn þeirra var meðal annars gerð skil í Morgunblaðinu.

Þjóðleikhúsið hafði mikið og gott samstarf við Franska sendiráðið og Alliance française í tengslum við Sædýrasafnið, og naut sýningin góðs stuðnings frá þessum aðilum.

Uppfærsla færeysku óperunnar **Í óðamansgarði** á Listahátíð í Reykjavík var einnig mikill viðburður. Í óðamansgarði er fyrsta færeyska óperan, en þetta verk eftir Sunleif Rasmussen, sem byggir á smásögu Williams Heinesen, var frumflutt í Þórshöfn í Færeyjum haustið 2006. Sýningin var sett upp að nýju í Þjóðleikhúsinu með nýju listafólki að hluta til og var samvinnuverkefni Þjóðleikhússins, Tjóðpallsins í Færeyjum, Aldubárunnar og Listahátíðar í Reykjavík. Leikstjóri, tónskáld, textahöfundur, leikmyndahöfundur og leikarar komu frá Færeyjum. Danshöfundur, hljómsveitarstjóri, þýðandi, ljóshönnuður, söngvarar og dansarar voru hins vegar frá Íslandi. Hljómsveitin var að mestu skipuð hljóðfæraleikurum úr færeysku hljómsveitinni Aldubáran, en einnig tóku íslenskir tónlistarmenn þátt í flutningnum. Uppsetningin var glæsileg á Stóra sviði Þjóðleikhússins og ánægjulegur lokapunktur á samstarfi Þjóðleikhússins og Tjóðpallsins sem hófst árið 2006 með samstarfssamningi beggja landa.

Fleiri erlendir listamenn störfuðu við Þjóðleikhúsið á árinu.

Má þar nefna Rafael Bianciotto, sem er argentínumaður með franskt ríkisfang, er leikstýrði **Þrettándakvöldi** eftir Shakespeare.

Hingað kom Reinert Mithassel, norskur leikhúlistamaður, sem var frumkvöðull sýningarinnar Etersins, sem sýnd var á Smíðaverkstæðinu.

Þjóðleikhúsið hafði samstarf við sendiherra Mexíkó vegna sýningarinnar **Frida... viva la vida** eftir Brynhildi Guðjónsdóttur. Leikstjóri og höfundur þeirrar sýningar heimsóttu Mexíkó í aðdraganda sýningarinnar og stofnuðu til tengsla við aðila sem gæta arfleifðar mexíkósku listakonunnar Fridu Kahlo, og fulltrúi sendiherra Mexíkó á Norðurlöndunum sá frumsýningu verksins hér.

Breskur danshöfundur, Alleta Collins, kom til landsins til að sjá um sviðshreyfingar í söngleiknum **Oliver!**

Í tengslum við sýninguna **Völvu** komu tveir franskir listamenn til landsins, Walid Breidi og Xavier Boyaud, en þeir kynntu með starfi sínu nýstárlegar aðferðir við notkun hljóðs, myndbanda og gagnvirkar tækni í leikhúsi með störfum sínum. Einnig kom hingað vegna Völvu bandaríski leikhúlistamaðurinn J. Ed Araiza, sem var listrænn ráðunautur sýningarinnar.

Íslenski leikhúlistamaðurinn Kristján Ingimarsson, sem búsettur er í Danmörku, kom hingað til lands með sýningu sína, **Creature**, ásamt dönskum samverkamönnum.

Fjöldi erlendra leikhúlistamanna heimsótti landið í tengslum við alþjóðlegu döff leiklistarhátíðina **Drauma** sem haldin var í Kúlunni.

Hér var einnig sýnd norsk dansleikhússýning fyrir börn, **Maríuhænan**, eftir Inger Cecilie Bertràn de Lis, en íslenskur dansari tók þátt í sýningunni.

Leiklistaruppeldi

Móttaka hópa

Sem fyrr er móttaka hópa ein af grunnstoðum fræðslustarfs í Þjóðleikhúsinu. Um 800 börn og ungmenni komu í heimsóknir í Þjóðleikhúsið baksviðs á árinu. Leikskólar hafa í gegnum tíðina sóst töluvert eftir því að koma í heimsókn með elstu börnin. Hefðbundnar kynnisferðir henta þessum hópum þó frekar illa. Sögustundin Búkolla í Kúlunni var sett upp til að mæta þessum mikla áhuga leikskólanna á leikhúsinu. Reyndist þetta þakklát og góð leið til að svara kalli þeirra, enda um ókeypis dagskrá að ræða sem stóð öllum leikskólum á höfuðborgarsvæðinu til boða. Alls komu um fjögur þúsund og fimm hundruð leikskólabörn á þessa dagskrá á þriggja vikna tímabili í september og október. Hópar hreyfihamlaðra, þroskahamlaðra, nýbúa og nokkurra erlendra skólahópa fengu sérsniðnar kynnisferðir á árinu.

Útgáfa fræðsluefnis

Fræðslueildin gaf út veglegan fræðslupakka haustið 2009 fyrir Utan gátta sem unninn var í samstarfi við höfund verksins, Sigurð Pálsson. Fræðslupakkinn var sendur rafrænt til íslensku- og leiklistarkennara í framhaldsskólum og er aðgengilegur ókeypis á netinu.

Leikferðir

Leikferðir voru ekki farnar í framhaldsskóla úti á landi á þessu ári, en Sögustund heimsótti nokkra skóla og stofnanir í nærsveitum höfuðborgarinnar.

Þjóðleikur

Fræðsludeild Þjóðleikhússins stóð fyrir viðamiklu samstarfsverkefni fyrir ungt fólk á Austurlandi; **Þjóðleik**², með þátttöku rúmlega 200 ungmenna á aldrinum 13-18 ára. Verkefnið var unnið í samstarfi við Menningarmiðstöð Fljótshéraðs og tugi aðila á Austurlandi (grunnskóla, framhaldsskóla, leikfélaga, sveitarfélaga o.fl.), allt frá Vopnafirði suður til Hafnar í Hornafirði.

Skrifuð voru þrjú ný 45 mínútna leikverk sérstaklega fyrir verkefnið. Þrettán leikhópar ungs fólks settu upp sýningar á þessum nýju verkum í sinni heimabyggð á fyrsta ársfjórðungi 2009. Allir hóparnir komu svo með sýningar sínar á stóra leiklistarhátíð á Egilsstöðum í lok apríl. Þar var hver uppsetning sýnd 2-3 sinnum á fjórum leiksviðum á þremur dögum. Hátíðin vakti mikla athygli og bæði forseti Íslands og menntamálaráðherra heiðruðu hátíðina með nærveru sinni.

Leikstjórar hópanna, sem í mörgum tilfellum voru kennarar og/eða áhugaleikarar, fengu tilsögn og ókeypis námskeið í boði Þjóðleikhússins yfir veturinn og ýmsan annan stuðning.

Þjóðleikur er hugsaður sem langtíma verkefni, og verður næsti áfangi þess á leikárinu 2010/2011. Þá mun Norðurland (allt frá Sauðárkróki til Langaness) taka þátt, ásamt Austurlandi. Kynningarstarf og undirbúningur er þegar komið vel á veg.

Rekstrarleg markmið

Ýmissa leiða var leitað til að auka aðhald og sparnað í starfsemi leikhússins, en fall krónunnar hafði umtalsverð áhrif til kostnaðarauka, þar sem aðföng að leikhúsinu koma að mestu erlendis frá. Einnig lá fljótlega fyrir yfirvofandi aðhald í ríkisbúskapnum með lækkun á fjárveitingu til stofnana.

Til að bregðast við ástandinu í tíma og fyrirbyggja að boðaður niðurskurður kæmi niður á listrænu starfi í húsinu eða gæðum sýninga, var unnið að markvissum aðhaldsaðgerðum á öllum deildum leikhússins og skiluðu þær aðgerðir strax árangri, enda góður hugur í stafsfólki. Einna mestu munaði ef til vill um þá ákvörðun að leggja niður leikstarfsemi á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins, en það rými hefur verið nýtt sem leiksvið um árabíl, eða frá því að verkstæðið var lagt niður á níunda áratugnum og smíði leikmynda var úthýst. Aðstaða til leiksýninga á Smíðaverkstæðinu hefur þó aldrei verið góð, hvorki fyrir starfsmenn né gesti. Verkstæðið er neðanjarðar og á síðari árum hefur leki frá bílaplani valdið auknum vandræðum. Frá því í haust hefur Smíðaverkstæðið verið nýtt aftur sem verkstæði fyrir tæknideildir, ekki síst sviðs- og leikmunadeild, og þótt þar séu ekki smíðaðar stærri leikmyndir, hefur þessi aðgerð sannað gildi sitt og leitt til sparnaðar. Með henni fækkaði sýningarrýmum, og þar með frumsýndum sýningum, en í henni felst einnig sparnaður, þótt vissulega sé eftirsjá að sviðinu fyrir hið listræna starf, ekki síst þar sem Smíðaverkstæðið hefur á síðari árum þjónað sem kærkominn vettvangur fyrir ýmiskonar listræna tilraunavinnu.

Unnið verður að því að halda úti metnaðarfullu leikhússtarfi á næsta ári, þótt raungildi fjárheimildar skerðist umtalsvert. Það er þó ljóst að það þrengir verulega að í rekstri stofnunarinnar og fyrirsjáanlegt að ekki verður lengra gengið í hagræðingu og sparnaði án þess að til fækkunar starfsfólks komi.

Fjárhagur og afkoma


Miklu aðhaldi var beitt á öllum sviðum á árinu og allt kapp lagt á að halda rekstrinum í því jafnvægi sem hann náði í upphafi árs. Það aðhald ásamt góðri aðsókn mun skila sér í jákvæðri rekstrarafkomu 2009, jákvæðu eigin fé og rekstri sem er innan fjárheimilda.³

Að sjálfsgöðu verður áfram stefnt að því að reksturinn sé innan fjárheimilda. Þær aðferðir sem helst eru hafðar að leiðarljósi við rekstur og áætlanagerð er áframhaldandi strangt aðhald í öllum aðföngum og enn frekari raunlækkun launakostnaðar með betri nýtingu vinnuafis og vinnutíma.

Vegna þess hversu hlutfall starfsmanna með tímabundna ráðningu er hátt er sveigjanleiki meiri hjá Þjóðleikhúsinu en víða annars staðar. Hugað verður vel að föstum kostnaði og reynt að halda honum í eins miklu hófi og unnt er án þess að ganga á afkastagetu og þjónustu leikhússins við leikhúsgestinn.

Aðsókn

Aðsókn hefur heldur aukist milli ára. Samanlagður gestafjöldi á árinu 2009 var 93.141 gestir á 412 sýningar, en til samanburðar var gestafjöldinn 82.702 árið 2008 og 73.466 árið 2007.



Grafið hér að ofan sýnir glögglega þróunina síðustu fjögur árin. Þess ber að geta að framkvæmdir við Þjóðleikhúsbýgginguna settu mark sitt á starfið árin 2006 og 2007 og skýrir það að nokkru minni aðsókn þau ár. Yfirlit yfir sýningar á árinu 2009 er að finna í viðauka 1, en þar kemur fram gestafjöldi á hvert verk fyrir sig.

Markaðs- og kynningarstarf, aukning í kortasölu

Kynning á nýju leikári hófst góðum tveimur vikum fyrr en vanalega og var sérstök áhersla lögð á sölu opinna korta. Kynningarbæklingur leikhússins var í umtalsvert stærra broti en árin á undan og mikið þúður lagt í kynninguna. Niðurstaða haustátaksins var mjög veruleg söluaukning.


Þjóðleikhúsið tók á haustmánuðum upp samstarf við Bóksölu stúdenta um vikuleg "Leikhústilboð" til stúdenta og starfsmanna HÍ. Jafnframt var gengið til samstarfs við Points.is vildarkerfið.

Fyrir jólin var efnt til söluátaks á gjafakortum og var auk hefðbundins gjafakorts boðið upp á sérstök gjafakort á **Oliver!**, **Laxness** gjafakort og gjafakort á **Fíusól**. Var mikil og góð sala í gjafakortunum.

Starfsmannamál

Nýtt skipurit

Mannabreytingar urðu þær helstar að mannauðsstjóri og markaðsfulltrúi komu til starfa á árinu, auk nýs skipulagsstjóra og nýs markaðsstjóra. Skipuriti og starfslýsingu rekstrarstjóra var breytt og honum falin aukin ábyrgð og er starf hans nú sambærilegt við starf framkvæmdastjóra hjá öðrum ríkisfyrirtækjum.



Mynd 1 - Skipurit Þjóðleikhússins

Mannauður

Í Þjóðleikhúsinu starfar fjölbreyttur hópur úrvals starfsmanna. Heildarfjöldi á launaskrá ársins 2009 var 382. og samkvæmt yfirliti Ríkisendurskoðunar eru ársverk við Þjóðleikhúsið 103,82. Mjög margt starfsfólk starfar sem lausráðið, s.s. við móttöku og þjónustu við leikhúsgesti, en tryggð þess er mikil og starfsmannavelta við leikhúsið er lítil.

Fjöldi starfsfólks eftir deildum, fastráðið og lausráðið:

- Skrifstofa og stjórnun: 10
- Kynningardeild og miðasala: 19
- Gestamóttaka: 31
- Sviðsdeild: 28
- Búningadeild: 13

Leikmunir: 4
Ljósadeild: 14
Hljóðdeild: 9
Hárgreiðsla og förðun: 16
Sýningarstjórn: 3
Fræðsludeild og barnaleikhús: 2
Húsvarsla, ræsting, mötuneyti: 14
Aðrir: 16

Málefni starfsmanna

Starfsmannafundir eru haldnir reglulega yfir starfsárið þar sem farið er yfir starfið í húsinu og helstu áherslur. Í apríl var farið á hálf dags hugarflug um stefnu og markmið Þjóðleikhússins undir stjórn dr. Hauks Inga Jónassonar.

Starfsmannasamtöl voru tekin í fyrsta sinn og var byrjað á föstu starfsfólki við deildir hússins. Miðað er við að allt starfsfólk fái árlegt samtal framvegis. Vikulegir samtalsfundir deildarstjóra með mannauðsstjóra hófust síðastliðið haust. Þar er vettvangur fyrir gagnkvæmar upplýsingar til hagsbóta fyrir starf og starfsfólk. Mótað var verklag við móttöku nýrra starfsmanna og stefnt er að því að ljúka gerð starfsmannahandbókar á næsta ári.

Mötuneyti fyrir starfsfólk er í fyrrum vestursal Leikhúskjallarans. Sjálfstæður rekstaraðili annast rekstur þess ásamt með rekstri Leikhúskjallarans.

Mannauðsstjóri vinnur náið með deildarstjórum að velliðan og úrbótum á vinnusstað. Ásamt öryggisnefnd hefur verið unnið að úrbótum á ýmsum atriðum varðandi vinnuaðstöðu deildanna.

Starfsmannafélag Þjóðleikhússins var formlega lagt niður en félögin tvö sem fyrir voru, Tæknimannafélagið og Leikarafélagið gerðu með sér formlegt samkomulag um samstarf að öllu félagslífi. Félögin önnuðust glæsilega og fjölsóttá óvissuferð að vori og jólahlaðborð, en leikhúsið bauð til árhátíðar sem haldin var á Stóra sviðinu með metþátttöku.

Starfsmannastefna

Starfsmannastefna Þjóðleikhússins var skráð árið 2007. Unnið verður að endurskoðun hennar á næsta ári. Starfsmannastefnan er aðgengileg starfsfólki á innra neti leikhússins.

Formleg áætlun um fyrirbyggjandi aðgerðir og viðbrögð gagnvart einelti og áreitni verður unnin á næsta ári.

Jafnréttisstefna

Jafnréttisáætlun Þjóðleikhússins var skráð árið 2007. Hún er yfirfarin reglulega og er mannauðsstjóri jafnframt jafnréttisfulltrúi. Jafnréttisstefnan er aðgengileg starfsfólki á innra neti leikhússins.

Starfandi listamenn við Þjóðleikhúsið

Fjöldi listamanna starfar við Þjóðleikhúsið á hverjum tíma og myndar kjarna þess skapandi starfs sem unnið er við leikhúsið. Á árinu 2009 var skipting á milli hinna listrænu sviða með eftirfarandi hætti:

Leikstjórar: 10
Leikmynda og búningahöfundar: 17
Tónhöfundar: 3
Danshöfundar: 4
Aðstoðarmenn leikstjóra: 4

Leikarar: 65

Aukaleikarar: 65, þar af börn 57

Tónlistarmenn: 37

Þjóðleikhússtjóri endurráðinn

Um mitt ár var embætti þjóðleikhússtjóra auglýst laust til umsóknar frá og með 1. janúar 2010.

Skipunartími leikhússtjóra er fimm ár og skylt að auglýsa embættið í lok hvers tímabils samkvæmt lögum, þótt endurráða megi sama einstaklinginn oftár en einu sinni. Alls sóttu 10 einstaklingar um stöðuna, þar á meðal stitjandi þjóðleikhússtjóri, en ein umsókn var dregin til baka.

Þann 30. 9. 2009 skipaði menntamálaráðherra sitjandi þjóðleikhússtjóra aftur í embætti. Fram kom í fréttatilkynningu frá ráðuneytinu að við ákvörðunina hefði bæði verið tekið tillit til álits þjóðleikhúsráðs og viðtala sem tekin voru við umsækjendur.

Húsnæðismál

Þótt stærsta áfanga utanhúsviðgerða sé lokið var áfram unnið að endurbótum. Stéttin umhverfis Þjóðleikhúsið var hellulögð í sinni upprunalegu mynd og aðgengi fatlaðra að sýningum í Kassanum og Kúlunni var loks tryggt með uppsetningu utanhúss lyftu. Innanhúss var unnið að ýmsum verkefnum, en nýr æfingasalur á málarasal á 5. hæð, sem síðast var mötuneyti starfsmanna, var tekinn í notkun á árinu. Innréttingar og annað sem tilheyrðu mötuneyti, sniðastofu og þvottahúsi búningadeildar, auk skógeymslu, voru hreinsaðar burt og nýtt plötugólf sett ofan á steingólfið. Miklu munar um þennan rúmgóða og bjarta æfingasal á stærð við Stóra sviðið, í starfsemi leikhússins.

Efnalager fyrir búningadeild var settur upp inn af ballettsal þar sem áður voru ónotuð búningsherbergi. Starfsaðstaða fyrir búningaskipti við svið var endurbætt og ýmis málningarvinna unnin.

Smiðaverkstæðið er nú aftur orðið að verkstæði. Þar er nú hægt að takast á við minni og stærri frumvinnu og viðgerðir á leikmyndum og leikmunum og skapar þetta umtalsverða hagræðingu í starfi leikhússins. Parket var lagt á gólf í mötuneyti í kjallara og nýtt gólfefni á ganga baksviðs og í miðasölu.

Unnið var nýtt skipulag í kjallara þar sem mun verða þvottahús, ræstingarrými og geymslur fyrir tæknideildir. Viðamikil hreinsunaráttak var gert í geymslum hússins. Árið 2010 er stefnt að gagngerum endurbótum á gestasalernum í Leikhúskjallara ásamt uppsetningu á nýju loftræstikerfi.

Viðgerðir og endurbætur baksviðs bíða enn næsta áfanga í endurbótaferli Þjóðleikhússins, sem og viðbygging til austurs, en hvoru tveggja er brýnt.

Öryggismál

Markvisst var unnið að bættu öryggi í starfsemi leikhússins. Ný öryggisnefnd var skipuð og sótti hún fræðslunámskeið Vinnueftirlitsins í upphafi árs og fundaði reglulega. Haldin voru þrjú skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk, og fræðslunámskeið til undirbúnings rýmingaræfingar ásamt verklegri kennslu í meðferð slökkvitækja. Verkfræðiskrifstofa VSI lauk vinnu við rýmingaráætlun aðalbyggingar og rýmingaræfing fór fram í september með aðkomu Neyðarlínu, slökkviliðs og lögreglu. Í samvinnu við Fasteignir ríkisins og brunahönnuð frá VSI voru gerðar ýmsar lagfæringar á brunavörnum og brunakerfið var endurbætt. Í árslok var vinna VSI að viðamikilli handbók um eigið innra eftirlit hússins á lokastigi.

Við inngang Lindargötu 7 var sett upp lyfta fyrir fatlaða, settar voru upp eldvarnarhurðir í Kúlunni og neyðarlýsing var endurnýjuð. Gerð áhættumats fyrir aðalbyggingu er á lokastigi og var stuðst við forvinnu tveggja nemendahópa í verkefnisstjórnun við Háskóla Íslands sem fengu að gera lokaverkefni sín með úttekt á vinnusvæðum við leiksvið og skrifstofur.

Skipt var út lykklakerfi húsanna og nákvæm skráning gerð um lykklavöld starfsmanna. Útbúnar voru möppur fyrir deildarstjóra þar sem eyðublöð fyrir skráningu slysa og veikinda eru tiltæk og mánaðarleg skil gerð til öryggisnefndar. Gerð var áætlun um viðbrögð við svínaflensu og fræðsla og viðeigandi sóttthreinsibúnaður útvegaður.

Öryggisnefndin hefur ákveðið að standa fyrir árlegum fræðslunámskeiðum um bætt öryggi og vinnuaðstöðu og að rýmingaræfing verði haldin árlega. Mjög gott samstarf er komið á milli Þjóðleikhússins og forvarnardeildar slökkviliðsins og m.a. hafa komið namar frá slökkviliði til að kynna sér starfsaðstæður sem hluta af starfsþjálfun þeirra.

Verkefni til framtíðar

60 ára afmæli Þjóðleikhússins 2010

Þann 20. apríl 2010 verða 60 ár liðin frá vígslu Þjóðleikhússins. Ýmislegt verður gert á afmælisárinu til að fagna þessum tímamótum.

Afmælissýning Þjóðleikhússins, sem frumsýnd verður í sömu viku og afmælisdagurinn er, er **Íslandsklukkan** eftir Halldór Laxness í leikstjórn og leikgerð Benedikts Erlingssonar. Íslandsklukkan var ein af þremur opunarsýningum Þjóðleikhússins árið 1950.

Verið er að vinna að **heimildamynd** um starfsemi Þjóðleikhússins í 60 ár, en heimildamyndin tengist jafnframt vinnunni við uppfærsluna á Íslandsklukkunni.

Nú er verið að vinna að undirbúningi **gagnagrunns** um starfsemi Þjóðleikhússins frá upphafi, og vonir standa til þess að hægt verði að opna gagnagrunninn almenningi á afmælisárinu. Þjóðleikhúsið hlaut viðbótarstyrk úr Þjóðhátíðarsjóði árið 2009, 300.000 kr.

Haldin verður **afmælisveisla** í tilefni af 60 ára afmæli leikhússins, þar sem þjóðinni er boðið í heimsókn með opnu húsi. Boðið verður upp á afmælisköku og skemmtidagskrá á Stóra sviðinu. Þá verður vígslu leikhússins og sögunnar minnst með ýmsum hætti.

Einnig er í undirbúningi **leiklestraröð** á íslenskum leikverkum úr sögu Þjóðleikhússins.

Bókamessan í Frankfurt

Á árinu voru lögð drög að samstarfi vegna Bókamessunnar í Frankfurt 2011. Unnið er að því að Þjóðleikhúsið verði sýnilegt með einhverjum hætti á þessum mikla menningarviðburði, jafnvel með gestaleik. Einnig kemur til greina að kynna þar íslenska leikritun með leiklestrum og/eða útgáfu.

Lér konungur í leikstjórn Benedicts Andrews

Þjóðleikhúsið tók upp samstarf við einn þekktasta leikstjóra samtímans, Benedict Andrews frá Ástralíu, og hóf undirbúning ásamt honum við jólasýningu Þjóðleikhússins árið 2010, Lér konung eftir Shakespeare. Undirbúningur við sýninguna er nú vel á veg kominn, og munu margir af fremstu leikurum þjóðarinnar taka þátt í henni.

Þjóðleikhúsinu er mikill fengur að því að fá þennan virta leikstjóra til liðs við sig, en honum hefur verið hampað sem skærustu stjörnu samtímans í áströlsku leikhúsi og sýningar hans á Schaubühne í Berlín hafa notið mikillar hylli. Sýningar Benedicts Andrews einkennast af djörfung og frumleika, en um leið

er hann þekktur fyrir framúrskarandi vinnu með leikurum sínum og einstakt myndrænt næmi. Meðal þekktustu leikstjórnarverkefna hans eru tímamótauppsetning á *The War of the Roses* eftir Shakespeare hjá Sydney Theatre Company, átta tíma leikgerð á verkum Shakespeares með Cate Blanchett í aðalhlutverki, sem var nýlega valin besta sýningin á Sydney Theatre Award.

Reykjavík, 1. febrúar, 2010.

Markmið ársins 2010

Leikhús samtímans

Að efla og styrkja menningarlega sjálfsmynd þjóðarinnar með því að halda úti öflugum leiklistarstarfi, þrátt fyrir viðvarandi lægð í efnahagsmálum.

Hagkvæmt leikhús

Að viðhalda stöðugleika í rekstri stofnunarinnar, með sem minnstum listrænum fórnarkostnaði, þrátt fyrir skerta fjárveitingu og aukinn kostnaðar við aðföng.

Að miða að stöðugleika í aðsókn, þrátt fyrir fækkun sviða.

Íslenskt leikhús

Að leggja áherslu á íslenska leikritun og frumsköpun, með sviðsetningum á íslenskum verkum og starfi í þágu nýrra höfunda með Leikritunarsjóðnum Prologos.

Leikhús framtíðarinnar

Að leggja rækt við leiklistaruppeldi með fjölbreyttu framboði á sýningum fyrir yngstu leikhúsgestina og öflugum fræðslu- og kynningarstarfi.

Að styrkja samskipti leikhússins við kennara með reglulegu námskeiðahaldi og styrkja þannig leiklistina sem kennslugrein í skólum.

Leikhús þjóðarinnar

Að efla gagnvirkt samband við ungt leikhúsáhugafólk utan höfuðborgarsvæðisins, með Þjóðleiksverkefni, bæði á Austur- og Norðurlandi.

Að bjóða athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins í leikhúsið til sýningahalds.

Framsækið leikhús

Að leggja rækt við og efla samstarf við erlent leikhúslistafólk.

Aðgengilegt leikhús

Að vinna gagnagrunn yfir leiksýningar Þjóðleikhússins frá upphafi og opna hann almenningi í tilefni af 60 ára afmæli leikhússins. Að opna nýja heimasíðu með betra aðgengi og bættri upplýsingaveitu.

Sterkt leikhús

Að sanda vörð um mannauð leikhússins og góðan starfsanda og leggja rækt við jákvæða ímynd starfsemi Þjóðleikhússins, innávið jafnt sem útávið.

Viðauki 1

Leiksýningar Þjóðleikhússins árið 2009

SUMARLJÓÐ

eftir Jón Kalman Stefánsson í leikgerð Hilmar Jónssonar

Í sýningunni kynnumst við fjölda litríkra persóna í litlu íslensku þorpi í nútímanum. Hversdagslífið reynist fullt af stórviðburðum því undir kyrrlátu yfirborði krauma óhamdar ástríður, langanir og þrár.

Leikgerð og leikstjórn: Hilmar Jónsson. Leikmynd: Finnur Arnar Arnarson. Búningar: Þórunn María

Jónsdóttir. Tónlist: Ragnhildur Gísladóttir. Sviðshreyfingar: Sveinbjörg Þórhallsdóttir.

Leikarar: Baldur Trausti Hreinsson, Birna Hafstein, Björn Hlynur Haraldsson, Edda Arnljótsdóttir, Eggert

Þorleifsson, Elma Lisa Gunnarsdóttir, Elva Ósk Ólafsdóttir, Esther Talía Casey, Friðrik Friðriksson,

Jörundur Ragnarsson, Ólafur Darri Ólafsson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Valur

Freyr Einarsson, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Vignir Rafn Valþórsson.

Sýning frá fyrra ári sýnd á Stóra sviðinu frá 2. janúar

Fjöldi sýninga: 12. Áhorfendafjöldi: 3486.

HART Í BAK

eftir Jökul Jakobsson

Ein af perlum íslenskra leikbókmennta, hrifandi verk sem speglar íslenskan raunveruleika og samtíma á einstakan hátt.

Leikstjórn: Þórhallur Sigurðsson. Leikmynd: Sigurjón Jóhannsson. Búningar: Sigurjón Jóhannsson og

Margrét Sigurðardóttir. Tónlist: Jóhann G. Jóhannsson. Lýsing: Jóhann Bjarni Pálmason.

Leikarar: Elva Ósk Ólafsdóttir, Esther Talía Casey, Friðrik Friðriksson, Gunnar Eyjólfsson, Hjalti

Rögnvaldsson/Örn Árnason, Kjartan Guðjónsson, Pálmi Gestsson, Þórunn Lárusdóttir/Edda Björg

Eyjólfsdóttir, Þóra Karítas Árnadóttir, Þórir Sæmundsson.

Sýning frá fyrra ári sýnd á Stóra sviðinu frá 3. janúar

Fjöldi sýninga: 28. Áhorfendafjöldi: 9473.

KLÓKUR ERTU, EINAR ÁSKELL

eftir Bernd Ogradnik, byggt á bókum Gunillu Bergström

Brúðusýning byggð á sívinsælum bókum Gunillu Bergström, Svei-attan, Einar Áskell og Góða nótt, Einar Áskell

Brúðuhönnun, brúðugerð, stjórn og leikmynd: Bernd Ogradnik. Leikstjóri: Kristján Ingimarsson.

Búningar: Helga Björt Möller.

Sýning frá fyrra ári, sýnd í Kúlunni frá 4. janúar

Fjöldi sýninga: 6. Áhorfendafjöldi: 507.

HEIÐUR

eftir Joanna Murray-Smith

Einstaklega vel skrifað verk um ástina, hjónabandið, fórnir og réttlætningar eftir margverðlaunaðan ástralskan höfund. Hér er fjallað um hinn alkunna grúa fiðring á verulega áhugaverðan hátt.

Leikstjóri: Bjarni Haukur Þórsson. Íslenskun: Gísli Rúnar Jónsson. Leikmynd og búningar: Axel Hallkell.

Lýsing: Hörður Ágústsson.

Leikarar: Anna Kristín Arngrímsdóttir, Arnar Jónsson, María Ellingsen, Sólveig Arnarsdóttir.

Frum-sýning í Kassarum 24. janúar

Fjöldi sýninga: 10. Áhorfendafjöldi: 1005.

KARDEMOMMUBÆRINN

eftir Thorbjörn Egner

Íbúar Kardemommubæjarins eiga sér vísan stað í hjörtum íslenskra barna og nú færir ný kynslóð leikhúslistamanna okkur þetta dásamlega verk.

Leikstjórn: Selma Björnsdóttir. Tónlist: Thorbjörn Egner. Þýðing: Hulda Valtýsdóttir. Þýðing söngtexta: Kristján frá Djúpalæk. Tónlistarstjórn og útsetningar: Jóhann G. Jóhannsson. Leikmynd: Brian Pilkington. Búningar: María Ólafsdóttir. Lýsing: Lárus Björnsson og Ólafur Ágúst Stefánsson. Dans- og sviðshreyfingar: Birna Björnsdóttir og Guðfinna Björnsdóttir.

Leikarar: Baldur Trausti Hreinsson, Bjarni Árdal Bergsteinsson, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Elma Lisa Gunnarsdóttir, Esther Talía Casey, Friðrik Friðriksson, Guðbjörg Hilmarsdóttir, Ívar Örn Sverrisson, Jón S. Snorri Bergsson, Kjartan Guðjónsson, Ólafur Gunnar Gunnarsson, Ólöf Jara Skagfjörð, Örn Árnason, Sigurður Sigurjónsson, Sindri Birgisson, Þórir Sæmundsson, Valur Freyr Einarsson, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Vignir Rafn Valþórsson.

Hljóðfæraleikarar: Ármann Helgason, Birgir Bragason, Dagný Marinósdóttir, Darri Mikaelsson, Eiríkur Örn Pálsson, Hafsteinn Guðmundsson, Jóhann G. Jóhannsson, Jón Halldór Finnsson, Kjartan Guðnason, Kjartan Óskarsson, Martial Nardeau, Óskar Ingólfsson, Pétur Grétarsson, Richard Korn, Rúnar Óskarsson, Sigurður I. Snorrason, Sigurður Þorbergsson, Sveinn Birgisson.

Börn: Anita Rós Þorsteinsdóttir, Blær Bjarkardóttir, Davíð K. Ólafsson, Hafdís Helga Helgadóttir, Ísabella Rós Þorsteinsdóttir, Ísak Hinriksson, Jafet Máni Magnússon, Jasmín Dúfa Pitt, Kolbrún María Másdóttir, Melkorka Pitt, Rafn Kumar Bonifacius, Rafnhildur Rósa Atladóttir, Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir, Rakel Kristinsdóttir, Sóley Karen Sigurjónsdóttir, Sverrir Páll Einarsson, Vaka Jóhannesdóttir, Vaka Vigfúsdóttir.

Frumskýning á Stóra sviðinu 21. febrúar

Fjöldi sýninga: 99. Áhorfendafjöldi: 41.154.

SKOPPA OG SKRÍTLA Í SÖNG-LEIK

eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur

Vinkonurnar Skoppa og Skrítlá ferðast um heimsins höf.

Leikstjóri: Þórhallur Sigurðsson. Búningar: Katrín Þorvaldsdóttir. Tónlist: Hallur Ingólfsson. Lýsing: Ásmundur Karlsson. Myndvinnsla: Bragi Þór Hinriksson.

Leikarar: Hrefna Hallgrímsdóttir, Linda Ásgeirsdóttir.

Dansarar: Andri Fannar Pétursson, Davíð Bjarni Chiarolanzio, Helga Kristín Ingólfsdóttir, Jóhanna Dröfn Stefánsdóttir, Katrín Eyjólfsdóttir, Rakel Matthíasdóttir.

Sýning frá fyrra leikári sýnd í Kúlunni frá 28. febrúar

Fjöldi sýninga: 17. Áhorfendafjöldi: 1694.

ÞRETTÁNDAKVÖLD EÐA... HVAÐ SEM ÞÉR VILJIÐ

eftir William Shakespeare

Sívinsæll gamanleikur Shakespeares með tilheyrandi ástarfléttum, misskilningi, gleði og raunum.

Útskriftarnemar leiklistardeildar LHÍ vinna ásamt leikurum Þjóðleikhússins að óvenjulegri uppfærslu þar sem notast er við spuna, trúðatækni og grímur.

Leikstjóri: Rafael Bianciotto. Þýðing: Helgi Hálfðanarson. Leikmynd og búningar: Helga I. Stefánsdóttir.

Grímugerð: Högni Sigurþórsson. Tónlist: Gunnar Karel Másson og Haraldur Rúnar Sverrisson. Lýsing:

Halldór Örn Óskarsson. Aðstoðarleikstjóri: Sólveig Guðmundsdóttir. Raddþjálfun og raddsetningar:

Kristjana Stefánsdóttir.

Leikarar: Arnar Jónsson, Bjartur Guðmundsson, Eggert Þorleifsson, Guðrún Snæfríður Gísladóttir,

Hannes Óli Ágústsson, Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir, Stefán Benedikt

Vilhelmsson, Vigdís Másdóttir, Walter Geir Grímsson, Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir.

Frumskýning á Stóra sviðinu 13. mars

Fjöldi sýninga: 11. Áhorfendafjöldi: 3183.

ETERINN EFTIR ÞÓRI

eftir Reinert Mithassel og Þorvald Þorsteinsson

Einleikur um listamanninn Þóri, hugmyndafræði hans og listsköpun, unninn með hjálp ólíkra listmiðla.

Sýningar í samstarfi við listhópinn Fatamorgana.

Leikstjóri: Reinert Mithassel. Texti: Þorvaldur Þorsteinsson. Leikmynd: Carle Lange. Tónlist: Úlfur Eldjárn.

Myndvinnsla: Tinna Lúðvíksdóttir. Grafískur hönnuður: Dóra Ísleifsdóttir. Hljóð: Páll Einarsson.

Leikari: Þórir Sæmundsson

Frumskýning á Smiðaverkstæðinu 20. mars

Fjöldi sýninga: 12. Áhorfendafjöldi: 725.

SÆDÝRASAFNIÐ

eftir Marie Darrieussecq

Nýtt verk skrifað sérstaklega fyrir Þjóðleikhúsið eftir eina þekktustu skáldkonu Frakka í dag. Listamenn frá fjórum löndum skapa leiksýningu þar sem myndlist, tónlist og dans vinna saman. Tvær fjölskyldur neyðast til að dvelja saman á sædýrasafni og brátt fara einkennilegir hlutir að gerast. Sýningin er sett upp í samvinnu við ríkisleikhúsið í Orléans.

Leikstjóri: Arthur Nauzyciel. Þýðing: Sjón. Leikmynd: Giulio Licthner. Tónlist: Barði Jóhannsson. Lýsing: Scott Zielenski. Sviðshreyfingar: Erna Ómarsdóttir.

Leikarar: Björn Hlynur Haraldsson, Damien Jalet, Elva Ósk Ólafsdóttir, Ívar Örn Sverrisson, Margrét

Vilhjálmisdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Valur Freyr Einarsson, Vigdís Hrefna Pálsdóttir.

Frumskýning í Kassarum 27. mars, sýningar í Centre Dramatique National Orléans í Frakklandi frá x. maí.

Fjöldi sýninga: 17. Áhorfendafjöldi á Íslandi: 1066. Áhorfendafjöldi í Frakklandi: 1266. Áhorfendafjöldi alls: 2332.

CREATURE

eftir Kristján Ingimarsson

Creature er kolklikkaður og bráðfyndinn leikhúskonsert um sköpunarþörf manneskjunnar og þörf hennar fyrir að setja sjálfa sig á svið. Gestaleikur frá Neanderleikhúsinu í Danmörku.

Leikmynd: Kristian Knudsen. Búningar: Anja Vang Kragh. Tónlist: Pétur Eyvindsson. Lýsing: Mads Vegas.

Flytjendur: Kristján Ingimarsson og Svend E. Kristensen.

Gestaleikur í Kassarum frá 14.maí.

Fjöldi sýninga: 4. Áhorfendafjöldi: 431.

Í ÓÐAMANSGARÐI

eftir Sunleif Rasmussen

Byggt á smásögu eftir William Heinesen

Fyrsta færøyska óperan, frumflutt í Þórshöfn í Færeyjum haustið 2006, sett upp að nýju í Þjóðleikhúsinu með þátttöku listamanna frá Norðurlöndunum. Sýningin er samvinnuverkefni Þjóðleikhússins, Tjóðpallsins í Færeyjum, Aldubárunnar og Listahátíðar í Reykjavík.

Leikstjóri: Ría Tórgarð. Tónlist: Sunleif Rasmussen. Texti: Dánial Hoydal. Danshöfundur: Lára

Stefánsdóttir. Hljómsveitarstjóri: Bernharður Wilkinson. Leikmynd og búningar: Elisa Heinesen. Þýðing:

Sigrún Valbergisdóttir. Lýsing: Lárus Björnsson.

Söngvarar: Bjarni Thor Kristinsson, Eyjólfur Eyjólfsson, Þóra Einarisdóttir.

Leikarar: Gunnvá Zachariassen, Hans Tórgarð.

Dansarar: Frank Fannar Pedersen, Unnur Elísabet Gunnarsdóttir.

Hljóðfæraleikur: Aldubáran og íslenskir hljóðfæraleikarar.

Sýningar á Stóra sviðinu frá 22. maí

Fjöldi sýninga: 2. Áhorfendafjöldi: 628.

DRAUMAR 2009

Alþjóðleg döff leiklistarhátíð, með það að markmiði að bjóða heyrnarlausum Íslendingum upp á úrval alþjóðlegra leiksýninga, skipulögð af Draumasmíðjunni í samstarfi við Þjóðleikhúsið, Háskóla Íslands og leikhópin Döff rætur.

Gestaleiksýningar í Kúlunni frá 24. maí

Fjöldi sýninga: 6. Áhorfendafjöldi: 374

Ó, ÞÚ AFTUR

eftir Ingibjörgu Hjartardóttur, Sigrúnu Óskarsdóttur og Unni Guttormsdóttur

Gestaleikur í telfni af 25 ára starfsafmæli Leikfélagsins Huggleiks.

Leikstjóri: Oddur Bjarni Þorkelsson. Tónlist: Ljótú hálfvitarnir.

Gestaleikur í Kassanum frá 15. maí.

Fjöldi sýninga: 10. Áhorfendafjöldi: 761.

VÍNLAND

Eftir Helga Þórsson

Athyglisverðasta áhugasýning ársins sýnd á Stóra sviðinu, sýning Freyvangsleikhússins.

Leikstjóri: Ólafur Jens Sigurðsson. Tónlistarstjóri: Ingólfur Jóhannsson. Leikmynd: Helgi Þórsson. Tónlist:

Helgi og hljóðfæraleikararnir.

Gestaleikur á Stóra sviðinu 12. júní

Fjöldi sýninga: 1. Áhorfendafjöldi: 314.

TEACH US HOW TO OUTGROW OUR MADNESS

eftir Ernu Ómarsdóttur

Nýtt dansleikhúsv verk sem ber vitni um ótakmarkaða möguleika sviðslistanna til að taka breytingum og þróast í nýjar og óvæntar áttir. Fimm háfrúðar, norrænar verur stíga óbeislaðan dans, syngja eins og sírenur og ropa, þrjóna saman martraðir og drauma í magnþrunginni sýningu sem er í senn tryllt og frelsandi.

Listrænn stjórnandi: Erna Ómarsdóttir. Tónlist og textar: Lieven Dousselaere, Valdimar Jóhannsson.

Kóreógrafía, textar og búningar: Sissel Merete Bjorkli, Riina Huhtanen, Sigríður Soffía Nielsdóttir, Erna Ómarsdóttir og Valgerður Rúnarsdóttir, í samvinnu við Margrétu Söru Guðjónsdóttur.

Gestaleikur á Stóra sviðinu 19. júní

Fjöldi sýninga: 1. Áhorfendafjöldi: 315.

UTAN GÁTTA

eftir Sigurð Pálsson

Villa og Milla, tvær saman eins og gamalt par, bundnar hvor annarri, eins og afbrýðisamar systur, börn í sandkassa. Þær geta engu treyst og sérstaklega ekki hvor annarri... Sýningin hlaut sex Grimuverðlaun 2009: Sýning ársins, leikstjórn ársins, leikskáld ársins, leikmynd ársins, búningar ársins og lýsing ársins.

Leikstjórn: Kristín Jóhannesdóttir. Leikmynd og búningar: Gretar Reynisson. Tónlist: Sigurður Bjóla.

Lýsing: Halldór Örn Óskarsson. Leikgervi: Árdís Bjarnþórsdóttir, Svanhvít Valgeirsdóttir.

Leikarar: Arnar Jónsson, Eggert Þorleifsson, Kristbjörg Kjeld, Ólafía Hrönn Jónsdóttir.

Sýning frá fyrra leikári sýnd í Kassanum frá 4. september

Fjöldi sýninga: 21. Áhorfendafjöldi: 2649.

FRIDA... VIVA LA VIDA

eftir Brynhildi Guðjónsdóttur

Sýningin er ferðalag um einstæða veröld listakonunnar Fridu Kahlo, sem í gegnum sorgir og þjáningar orti hið undursamlega ljóð eigin lífs á striga - átakanlegt en fagurt, hávaðasamt en friðsælt.

Leikstjörn: Atli Rafn Sigurðarson. Tónlist: Egill Ólafsson. Leikmynd: Vytautas Narbutas. Búningar: Filippía I. Elísdóttir. Lýsing: Jóhann Bjarni Pálmason.

Leikarar: Baldur Trausti Hreinnsson, Birgitta Birgisdóttir, Brynhildur Guðjónsdóttir, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Elma Lisa Gunnarsdóttir, Esther Talía Casey, Kjartan Guðjónsson, Ólafur Darri Ólafsson, Ólafur Egill Egilsson, Vignir Rafn Valþórsson.

Hljóðfæraleikarar: Matthías Stefánsson, Kristinn H. Árnason.

Frumssýning á Stóra sviðinu 11. september

Fjöldi sýninga: 19. Áhorfendafjöldi: 6609.

SÖGUSTUND Í KÚLUNNI

Þjóðleikhúsið býður leikhúsið leikskólabörnum í elstu deildum að koma í heimsókn í leikhúsið með kennurum sínum. Börnin fræðast á skemmtilegan hátt um leikhúsið og kynnast töfraheimi þess, og taka þátt í sögustund með leikhúsivafi, þar sem spunnid er og leikið út frá gamla ævintýrinu um Búkollu.

Leikstjörn og handrit: Friðrik Friðriksson. Útlit: Högni Sigurþórsson. Lýsing og hljóðmynd: Ólafur Ágúst Stefánsson.

Leikari: Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir.

Frumssýning í Kúlunni 14. september

Fjöldi sýninga: 45. Áhorfendafjöldi: 4500.

BRENNUVARGARNIR

eftir Max Frisch

Brennuvargarnir er eitt af frægustu leikritum 20. aldarinnar, bráðfyndin og óvægin þjóðfélagsádeila. Með sínu einstaka skopskyni rannsakar höfundurinn hér hugleysi manneskjunnar og græðgi, og tilhneigingu okkar til að trúá því fyrst og fremst sem hentar okkur hverju sinni og afneita því sem kemur okkur illa.

Leikstjörn: Kristín Jóhannesdóttir. Þýðing: Bjarni Jónsson. Leikmynd: Ilmur Stefánsdóttir. Búningar: Þórunn María Jónsdóttir. Myndbandshönnun: Tinna Lúðvíksdóttir. Tónlist: Barði Jóhannsson. Lýsing: Halldór Örn Óskarsson.

Leikarar: Eggert Þorleifsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Edda Arnljótsdóttir, Björn Thors, Magnús Jónsson, Þórir Sæmundsson, Valur Freyr Einarsson, Guðrún Snæfríður Gísladóttir, Friðrik Friðriksson, Lilja Nótt Þórarinsdóttir, Sindri Birgisson, Vigdís Hrefna Pálsdóttir.

Frumssýning á Stóra sviðinu 16. október

Fjöldi sýninga: 15. Áhorfendafjöldi: 4682.

VÖLVA

eftir Pálinu Jónsdóttur og Walid Breidi

byggt á Völuspá, í endurortri gerð Þórarins Eldjárns

Völva er leikhúsverk þar sem unnið er með nýja rafræna og gagnvirka tæknimiðla. Leikkonan, holdgervingur Völvunnar, stjórnar framvindunni í gegnum íklæðanlegan rafmiðil, „hljóðkjól“, sem er galdratæki Völvunnar. Sýningin er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Pálinu frá Grund.

Hugmynd, leikstjörn, leikur: Pálinu Jónsdóttir. Hugmynd, leikstjörn, hljóðinnsetning: Walid Breidi. Tónlist:

Skúli Sverrisson. Listrænn ráðunautur sýningar: J.Ed Arizia. Sviðsmynd og vídeóinnsetning: Xavier Boyaud. Ljósahönnun: J.Ed Arizia og Xavier Boyaud. Búningur: Guðrún Ragna Sigurjónsdóttir og Filippia I. Elísdóttir.

Frumskýning í Kassarum 22. október

Fjöldi sýninga: 12. Áhorfendafjöldi: 1008.

NÍGERÍUSVINDLIÐ

eftir leikhópin

Sviðslistaviðburður sem fjallar um hugmyndina um réttlæti í viðtæku samhengi. Sýningin er afrakstur rannsóknarvinnu Sviðslistahópsins 16 elskenda, en viðfangsefni rannsóknarinnar er stafræn fjárplógsstarfsemi sem starfrækt er frá Vestur-Afríku. Sýningin er að þessu sinni titluð „verk í vinnslu“ og líta meðlimir hópsins á hana sem lið í lengra ferli.

Leikhópurinn 16 elskendur: Aðalbjörg Þóra Árnadóttir, Brynja Björnsdóttir, Davíð Freyr Þórunnarson, Eva Rún Snorradóttir, Friðgeir Einarsson, Gunnar Karel Másson, Hlynur Páll Pálsson, Karl Ágúst Þorbergsson, Ylfa Ösp Áskelsdóttir.

Gestaleikur í Kassarum 28. október

Fjöldi sýninga: 1. Áhorfendafjöldi: 137.

SINDRI SILFURFISKUR

eftir Áslaugu Jónsdóttur

Nýtt leikverk fyrir yngstu börnin um dulúðugar og heillandi sjávarverur. Hafdís í skrautfiskabúðinni Fjörfiskar er löngu hætt að selja fallegu fiskana sína. Þeir eru vinir hennar og hún vill miklu heldur segja af þeim sögur, eins og til dæmis söguna af Sindra silfurfiski og leyndarmálinu hans.

Leikstjórn: Þórhallur Sigurðsson. Brúður: Una Collins, Bjarni Stefánsson, Jón Benediktsson, Erna Guðmarsdóttir, Stefán Jörgen Ágústsson. Lýsing: Jóhann Bjarni Pálmason.

Leikari: Elva Ósk Ólafsdóttir.

Brúðustjórnun: Aude Maina Anne Busson, Karolina Boguslawka, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir.

Frumskýning í Kúlunni 31. október

Fjöldi sýninga: 23. Áhorfendafjöldi: 1555.

MARÍUHÆNAN

Dansleikhús án orða fyrir allra yngstu leikhúsgestina, allt frá ungabörnum til fjögurra ára barna.

Hrekkjóttur álfur og óörugg mariuhæna villast inn í litalaust land. Fljótlega taka undarlegir hlutir að gerast og landið breytist í ævintýraskóg. Gestasýning frá Noregi.

Hugmynd, leikmynd og hreyfingar: Inger Cecilie Bertràn de Lis. Tónskáld: Karoline Rising Næss.

Búningar: Hilde Elisabeth Brunstad. Lýsing: Elisabeth Kjeldahl Nilsson.

Dansarar: Inger Cecilie Bertràn de Lis og Tinna Grétarsdóttir.

Gestasýningar í Kúlunni frá 29. nóvember

Fjöldi sýninga: 6. Áhorfendafjöldi: 342.

JÓLASÝNING LISTDANSSKÓLA ÍSLANDS

Sýning nemenda Listdansskóla Íslands

Gestaleikur á Stóra sviðinu 30. nóvember

Fjöldi sýninga : 1. Áhorfendafjöldi: 394.

LEITIN AÐ JÓLUNUM

eftir Þorvald Þorsteinsson og Árna Egilsson

Árleg aðventusýning Þjóðleikhússins, þar sem börnin ferðast um leikhúsið og kynnast jólunum í dag og

í gamla daga.

Leikstjórn: Þórhallur Sigurðsson. Leikmynd: Geir Óttar Geirsson. Búningar: Þórunn Elísabet Sveinsdóttir. Grimur: Stefán Jörgen Ágústsson. Texti: Þorvaldur Þorsteinsson. Tónlist: Árni Egilsson. Lýsing: Ásmundur Karlsson. Tónlistarstjórn: Davíð Þór Jónsson.

Leikarar: Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Elma Lisa Gunnarsdóttir, Guðrún Snæfriður Gísladóttir, Ólafur Egill Egilsson, Sindri Birgisson, Valur Freyr Einarsson.

Hljóðfæraleikarar: Darri Mikaelsson, Vadim Federov.

Sýning frá fyrra leikári á Leikhúslöftinu frá 28. nóvember

Fjöldi sýninga: 24. Áhorfendafjöldi: 1878.

OLIVER!

handrit, tónlist og söngtextar eftir eftir Lionel Bart

Byggt á skáldsögunni Oliver Twist eftir Charles Dickens

Einn vinsælasti söngleikur allra tíma, byggður á sígildri skáldsögu Charles Dickens um munaðarlausu drenginn Óliver Twist. Litrík, fjörug og æsispennandi sýning, full af dásamlegum söngperlum.

Leikstjórn: Selma Björnsdóttir. Tónlistarstjórn og þýðing söngtexta: Jóhann G. Jóhannsson. Þýðing:

Þórarinn Eldjárn. Leikmynd og myndvinnsla: Vytautas Narbutas. Búningar: María Ólafsdóttir.

Sviðshreyfingar: Aletta Collings. Lýsing: Lárus Björnsson og Ólafur Ágúst Stefánsson. Hljóðstjórn: Ísleifur Birgisson og Tómas Freyr Hjaltason,

Leikarar: Aðalsteinn Kjartansson, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Arnar Jónsson, Áslákur Ingvarsson, Baldur Trausti Hreinsson, Bergþór Pálsson, Edda Arnljótsdóttir, Eggert Þorleifsson, Esther Talía Casey, Friðrik Friðriksson, Guðbjörg Hilmarsdóttir, Heiða Björk Ingimarsdóttir, Ívar Helgason, Jón S. Snorri Bergsson, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Ólöf Jara Skagfjörð, Ragnheiður Steindórsdóttir, Þórir Sæmundsson, Þórunn Lárusdóttir, Valur Freyr Einarsson, Vígðís Hrefna Pálsdóttir.

Börn: Ágúst Örn B. Wigum, Alexander Sigurðsson, Ari Ólafsson, Ari Páll Karlsson, Baldvin Snær Hlynsson, Daniel Breki Johnsen, Davíð K. Ólafsson, Grettir Valsson, Guðjón Hlynur Sigurðarson, Halldór Ívar Stefánsson, Hróbjartur Höskuldsson, Ingi Þór Þórhallsson, Ísabella Rós Þorsteinsdóttir, Ísak Ernir Róbertsson, Janus Bjarki Birgisson, Kolbrún María Másdóttir, Madhav Davíð Goyal, Melkorka Pitt Davíðsdóttir, Ragnar Gíslason, Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir, Sigurbergur Hákonarson, Sindri Ingólfsson, Sóley Karen Sigurjónsdóttir, Tryggvi Björnsson, Valgeir Hrafn Skagfjörð, Völundur Hafstað Haraldsson.

Hljómsveit: Anna Sigurbjörnsdóttir, Ármann Helgason, Birgir Bragason, Brjánn Ingason, Darri Mikaelsson, Eiríkur Örn Pálsson, Emil Friðfinnsson, Emilía Rós Sigfúsdóttir, Gunnlaugur Torfi Stefánsson, Jóhann G. Jóhannsson, Jón Halldór Finnsson, Kjartan Guðnason, Kjartan Óskarsson, Martial Nardeau, Melkorka Ólafsdóttir, Pétur Grétarsson, Sigurður Þorbergsson, Sveinn Þórður Birgisson.

Frum-sýning á Stóra sviðinu 26. desember

Fjöldi sýninga: 7. Áhorfendafjöldi: 2869.

ÓKYRRÐ

eftir leikhópin

Ókyrrð fjallar um tilraunir okkar til að hafa stjórn á tilfinningum, um innra líf og ofvöxt ímyndunarafslins. Sýningin var frumsýnd í Reykjavík í lok september og flutt á Diskurs-leiklistarhátíðinni í Giessen í Þýskalandi.

Leikstjórn: Friðgeir Einarsson Hljóðheimur: Kristján Loðmfjörð. Kínétísk ráðgjöf: Saga Sigurðardóttir.

Leikendur: Ragnar Ísleifur Bragason, Margrét Bjarnadóttir, Friðgeir Einarsson.

Gestaleikur í Kassanum frá 29. desember

Fjöldi sýninga: 2. Áhorfendafjöldi: 136.

Viðauki 2

Leikritunarsjóðurinn Prologos

Starfsemi Leikritunarsjóðsins Prologos var afar blómleg á árinu. Sjóðnum er ætlað að efla íslenska leikritun og hvetja til nýsköpunar í leikhúsinu, og óhætt er að segja að sjóðurinn hafi nú þegar boðið fjölda leikhúsfólks mikilsverð tækifæri til að vinna að list sinni.

Alls var úthlutað fjórum sinnum úr sjóðnum á árinu, og nú hafa alls 16 verkefni hlotið styrk úr sjóðnum. Veittir hafa verið tíu handritsstyrkir og sex styrkir vegna leiksmiðu- og tilraunaverkefna. Að baki hverju leiksmiðjuverkefni standa að jafnaði margir aðilar, og því skipta þeir listamenn sem hafa notið stuðnings úr Prologos tugum.

Tvö leiksmiðjuverkefni sem sjóðurinn hefur styrkt hafa þegar verið sett á dagskrá Þjóðleikhússins, annars vegar Völva eftir Pálinu Jónsdóttur og Walid Breidi sem frumsýnd var í Kassarum í október 2009 og hins vegar Af ástum manns og hrærivélar sem frumsýnt verður í Kassarum í apríl 2010. Einnig sýndi Íslenska hreyfipróunarsamsteypan leiksmiðjuverkefnið Shake me/Hristu mig á Reykjavík Dance Festival í september, og leikhópurinn 16 elskendur sýndi Nígeríusvindið, verk í vinnslu, í Kassarum í október.

Prologos hefur einnig styrkt útgáfu tveggja nýrra íslenskra leikrita, Frida... viva la vida eftir Brynhildi Guðjónsdóttur og Utan gátta eftir Sigurð Pálsson.

Þeir höfundar sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum eru Auður Ava Ólafsdóttir, Bjarni Jónsson, Didda Jónsdóttir, Einar Þór Gunnlaugsson, Hjálmar Hjálmarsson, Illugi Jökulsson, Jón Atli Jónasson, Margrét Örnólfsdóttir, Úlfur Eldjárn og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann.

Eftirtaldir listamenn standa að leiksmiðjuverkefnum sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum: Aðalbjörg Þóra Árnadóttir, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Ásgerður Guðrún Gunnarsdóttir, Brynja Björnsdóttir, Davíð Freyr Þórunnarson, Dóra Jóhannsdóttir, Eva Björk Kaaber, Eva Rún Snorradóttir, Friðgeir Einarsson, Friðrik Friðriksson, Gísli Galdur Þorgeirsson, Hlynur Páll Pálsson, Ilmur Stefánsdóttir, Jörundur Ragnarsson, Karl Ágúst Þorbergsson, Katrín Gunnarsdóttir, Kristján Ingimarsson, Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, Margrét Bjarnadóttir, Melkorka Sigríður Magnúsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnheiður Sigurðard. Bjarnarson, Rósa Hrund Kristjánsdóttir, Saga Sigurðardóttir, Sunna María Schram, Valur Freyr Einarsson, Vigdís Eva Guðmundsdóttir, Vilborg Ólafsdóttir og Ylfa Ösp Áskelsdóttir. Sumir þessara listamanna tengjast fleiri en einu verkefni.

Í stjórn Prologos sitja Bjarni Ármannsson, Kristbjörg Kjeld og Tinna Gunnlaugsdóttir. Í fagráði sátu árið 2009 Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Pétur Gunnarsson og Stefán Jónsson.

Viðauki 3

Þjóðleikur

Þjóðleikur er óumdeilanlega stærsta verkefni sem fræðsludeild Þjóðleikhússins hefur ráðist í frá upphafi. Verkefnið var unnið í samstarfi við Menningarmiðstöð Fljótshéraðs (miðstöð sviðslista á Austurlandi) og náði til alls Austurlands, allt frá Vopnafirði til Hafnar í Hornafirði.

Þjóðleikur er leiklistarhátíð ungs fólks og gat hvaða hópur austfirskra ungmenna sem er tekið þátt. Einu skilyrðin voru að a.m.k. einn fullorðinn einstaklingur (yfir tvítugu) leiddi hópinn, að meðlimir hópsins væru að lágmarki 8 talsins og á aldrinum 13-20 ára.

Hver hópur setti upp eitt af þremur leikverkum sem voru skrifuð sérstaklega fyrir Þjóðleik. Hóparnir frumsýndu þegar þeim hentaði í sinni heimabyggð, en helgina 24.-26. apríl 2009 komu allir hóparnir saman á leiklistarhátíð á Egilsstöðum þar sem öll verkin voru sýnd. Þannig skapaðist einstakt tækifæri fyrir ungt leikhúsáhugafólk til að bera saman bækur sínar og sjá sömu verk í mismunandi uppfærslum. 13 hópar úr grunn- og framhaldsskólum á Austurlandi skráðu sig til leiks sem fór langt fram úr björtustu vonum aðstandenda. Yfir 200 austfirsk ungmenni tóku þátt í verkefninu.

Markmið Þjóðleiks

Markmið Þjóðleiks:

- Að efla leiklist á Austurlandi.
- Að vekja áhuga ungs fólks á leiklist og efla læsi þeirra á listformið.
- Að tengja Þjóðleikhúsið á lífandi hátt við landsbyggðina.
- Að miðla af fagþekkingu leikhússins til leikhúsáhugafólks í landinu.

Leikverkin

Þrjú glæný 45 mínútna leikrit voru skrifuð sérstaklega fyrir Þjóðleik:

Ísvélin eftir Bjarna Jónsson

Eftir lífið eftir Sigtrygg Magnason

Dúkkulísa eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur

Hver hópur í Þjóðleik valdi sér eitt af þessum verkum til uppsetningar endurgjaldslaust.

Stjórn Þjóðleiks

Í upphafi var tekin sú ákvörðun að skipa stjórn Þjóðleiks með fulltrúum af öllu Austurlandi. Í stjórn Þjóðleiks sátu: Magnús J. Magnússon, Hornafirði, Snorri Emilsson, Seyðisfirði, Sigríður Dóra Sverrisdóttir, Vopnafirði, Þór Ragnarsson, Fljótshéraði, Þóroddur Helgason, Fjarðabyggð, Vigdís Jakobsdóttir deildarstjóri fræðsludeildar Þjóðleikhússins og Karen Erla Erlingsdóttir menningar- og frístundafulltrúi Fljótshéraðs. Vigdís og Karen Erla voru framkvæmdastjórnar verkefnisins.

Námskeiðin

Þjóðleikhúsið veitti listrænum stjórnendum Þjóðleiks-hópanna aðstoð í formi faglegrar ráðgjafar og námskeiða bæði í Reykjavík og á Hornafirði veturinn 2008/2009.

Sýningar

Hver hópur frumsýndi í sinni heimabyggð á þeim tíma sem honum hentaði best og voru flestar frumsýningarnar í febrúar/mars. Allir hóparnir komu hins vegar saman helgina 24.-26. apríl á Egilsstöðum þar sem allar sýningarnar voru sýndar á uppskeruhátíð Þjóðleiks. Þar gátu þátttakendur hitt annað ungt leikhúsáhugafólk af Austurlandi, spjallað við leikskáldin, borið saman bækur sínar og reynslu og síðast en ekki síst séð afrakstur hinna hópanna.

Strax við undirbúning hátíðarinnar var tekin ákvörðun um að hver hópur mundi sýna tvisvar hver, eða alls 28 sýningar (einn hópurinn setti upp tvö verkanna). Í Sláturhúsi-Menningarsetri ehf. voru smíðuð þrjú leiksvið fyrir 50 áhorfendur og fjórða leiksviðið var síðan í Valaskjálfi. Sýningum var raðað þannig upp að hægt var að flakka á milli þeirra. Mikil stemning ríkti á leiklistarhátíðinni og var yfirfullt á nær allar sýningar. Settar voru upp þrjár aukasýningar og er áætlað að 1500-2000 manns hafi allt í allt verið á sýningunum.

Forseti Íslands heiðraði hátíðina með nærveru sinni og sá 4 sýningar. Þá var Menntamálaráðherra viðstödd setningarathöfnina.

Viðauki 4

Námskeið á vegum fræðsludeildar

Þjóðleiksnámskeið á Höfn

Stórt námskeið var haldið í tengslum við Þjóðleik á Höfn í Hornafirði í byrjun árs 2009. Þátttakendur voru stjórnendur og tæknifólk leikhópanna 14 sem tóku þátt í verkefninu; alls 36 manns á aldrinum 14 ára til sextugs. Vigdís Jakobsdóttir leiðbeindi í leikstjórn, Rebekka Ingimundardóttir í leikmyndagerð og Jóhann Bjarni Pálmarsson í ljósahönnun.

Námskeið með Daniel Shindler

Daniel Shindler leiddi áhugavert námskeið í listgreinakennslu helgina 14.–15. febrúar. Shindler er þekktur í Bretlandi fyrir vinnu sína þar sem hann beitir listgreinakennslu (og þá sérstaklega í sviðslistum) markvisst í kennslu mjög fjölþjóðlegra nemendahópa. Hann leggur áherslu á ræktun jákvæðrar og sterkar sjálfsmyndar í gegnum sjálfstjórningu á forsendum listanna. Þátttakendur voru um 15 talsins.

Alþjóðleg vinnusmiðja

Dagana 24.ágúst til 2. september fór fram á vegum fræðsludeildarinnar alþjóðleg vinnusmiðja leikhúslistafólks frá Íslandi, Spáni, Svíþjóð og Finnlandi þar sem unnið var með dauðann sem viðfangsefni í leikhúsi fyrir börn.

Listafólkið sem tók þátt er allt reynslumikið í leikhúsi fyrir börn og vann í 9 daga samfelldu að því að frumvinna efni fyrir 5-10 ára börn þar sem fjallað er fordómalaust um dauðann. Haldnar voru þrjár mismunandi kynningar með nokkurra daga millibili í Vesturbæjarskóla og í Þjóðleikhúsinu. Áhorfendahóparnir voru 5 ára börn frá Barnaskóla Hjallastefnunnar og 10 ára börn frá Vesturbæjarskóla. Markmið vinnusmiðjunnar var að þróa vinnuaðferðir og listrænar leiðir að því að takast á við dauðann í leikhúsi fyrir unga áhorfendur, fordómalaust og á forsendum barnanna sjálfra.

Listamennirnir sem tóku þátt voru 12 talsins. Börnin voru rúmlega 60.

Leikjanámskeið – Tintti Karpinen

Þriðjudaginn 15. september leiddi Tintti Karpinen frá Finnlandi vinnusmiðju í notkun leikja í skólastofunni. Tintti hefur haldið námskeið víða um heim og situr í stjórn Evrópudeildar IDEA (International Drama/Theatre and Education Association). Um 20 manns sóttu þessa vinnusmiðju.

Leiklistarnámskeið fyrir kennara á Egilsstöðum

Í kjölfar Þjóðleiks var óskað eftir námskeiði í leiklistarkennslu á Egilsstöðum og var það haldið eina helgi í október. Þangað komu 12 kennarar víðsvegar af Austurlandi. Leiðbeinandi var Vigdís Jakobsdóttir.

Vinnusmiðjur

Samstarf er við FLÍSS (Félag um leiklist í skólastarfi) um reglulegar eins kvöldsvinnusmiðjur af ýmsum toga. Þessar vinnusmiðjur laða að sér bæði fastan kjarna kennara, kennaranema og svo fljóta alltaf einhverjir stakir með. Að meðaltali sækja milli 12-20 manns hverja vinnusmiðju.

Viðauki 5

Þjóðleikhúsið

Drög að rekstrarreikning ársins 2009

Tekjur:	2009
Framlag ríkissjóðs	726.400.000
Önnur framlög	25.700.000
Miðasölutekjur	167.129.228
Aðrar tekjur	28.852.219
Samtals tekjur	<u>948.081.447</u>
 Gjöld:	
Laun og launatengd gjöld	650.666.228
Önnur gjöld	287.188.494
Samtals gjöld	<u>937.854.722</u>
 Rekstrarafgangur	<u>10.226.725</u>
 Eigið fé:	
Eigið fé 01.01.2009 (neikvætt)	7.316.956
Rekstrarafgangur 2009	<u>-10.226.725</u>
Eigið fé 31.12.2009 (jákvætt)	<u>-2.909.769</u>

Viðauki 6

Kynjaskipting á leikverkum - 2009

Sýning	Svið	Leikstjórn	kvk	kk	Höfundur/Handrit	kvk	kk	
Sumarljós	Stóra sviðið	Hilmar Jónsson	0	1	Hilmar Jónsson	0	1	
Hart í Bak	Stóra sviðið	Þórhallur Sigurðsson	0	1	Jökull Jakobsson	0	1	
Klókur ertu, Einar Áskell	Kúlan	Kristján Ingimarsson	0	1	Gunilla Bergström	1	0	
Heiður	Kassinn	Bjarni Haukur Þórsson	0	1	Joanna Murray-Smith	1	0	
Kardemommubærinn	Stóra sviðið	Selma Björnsdóttir	1	0	Thorbjörn Egner	0	1	
Skoppa og Skritla í söng-leik	Kúlan	Þórhallur Sigurðsson	0	1	Hrefna Hallgrímsdóttir	1	0	
Prettándakvöld	Stóra sviðið	Rafael Bianciotto	0	1	Helgi Hálfanarson	0	1	
Eterinn eftir Þóri	Smiðaverkstæðið	Reinert Mithassel	0	1	Reinert Mithassel og Þorvald Þorsteinsson	0	1	
Sæðýrasafnið	Kassinn	Arthur Nauzyciel	0	1	Marie Darrieussecq	1	0	
Creature	Kassinn	Kristján Ingimarsson	0	1	Kristján Ingimarsson	0	1	
Í Óðamansgarði	Stóra sviðið	Ría Tórgarð	1	0	Sunleif Rasmussen	0	1	
Draumar 2009	Kassinn	Ýmsir	0.5	0.5	Ýmsir	0.5	0.5	
Ó, þú aftur	Smiðaverkstæðið	Oddur Bjarni Þorkelsson	0	1	Ingibjörgu Hjartardóttur, Sigrúnu Óskarsdóttur og Unni Guttormsdóttur	1	0	
Vínland	Stóra sviðið	Ólafur Jens Sigurðsson	0	1	Helgi Þórsson	0	1	
Teach us how to outgrow our Madness	Stóra sviðið	Erna Ómarsdóttir	1	0	Erna Ómarsdóttir	1	0	
Utan gátta	Kassinn	Kristín Jóhannesdóttir	1	0	Sigurður Pálsson	0	1	
Frida... viva la vida	Stóra sviðið	Atli Rafn Sigurðarson	0	1	Brynhildur Guðjónsdóttir	1	0	
Sögustund í Kúlunni	Kúlan	Friðrik Friðriksson	0	1	Friðrik Friðriksson	0	1	
Brennuvargarnir	Stóra sviðið	Kristín Jóhannesdóttir	1	0	Max Frisch	0	1	
Völva	Kassinn	Pálína Jónsdóttir	1	0	Pálína Jónsdóttir	1	0	
Nigeríusvindlið	Kassinn	Leikhópurinn	0.5	0.5	Leikhópurinn	0.5	0.5	
Sindri Silfurfiskur	Kúlan	Þórhallur Sigurðsson	0	1	Áslaug Jónsdóttir	1	0	
Mariuhænan	Kúlan	Inger Cecilie Bertrán de Lis	1	0	Inger Cecilie Bertrán de Lis	1	0	
Jólasýning Listdansskóla Íslands	Stóra sviðið	Lára Stefánsdóttir	1	0	Lára Stefánsdóttir	1	0	
Leitin að jólunum	Leikhúslóftið	Þórhallur Sigurðsson	0	1	Þorvaldur Þorsteinsson og Árni Egilsson	0	1	
Oliver!	Stóra sviðið	Selma Björnsdóttir	1	0	Lionel Bart	0	1	
Ókyrrð	Kassinn	Friðgeir Einarsson	0	1	Leikhópurinn	0.33	0.67	
			37.04%	62.96%			45.67%	54.33%

Leikstjórnar eftir sviðum

Svið	kvk	kk
Stóra svið	54.5%	45.5%
Kassinn	37.5%	62.5%
Kúlan	20%	80%
Smiðaverkstæðið	0%	100%
Leikhúslóftið	0%	100%

Höfundar eftir sviðum

Svið	kvk	kk
Stóra svið	27.3%	72.7%
Kassinn	54.1%	45.9%
Kúlan	80%	20%
Smiðaverkstæðið	50%	50%
Leikhúslóftið	0	100%